

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 9. október 2020 kl. 11:00

Fimmti fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn föstudaginn 9. október klukkan 11:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Síðasta fundargerð. Samþykkt.
 - a) Staða ýmissa mála:
 - a) Húsnæði. Ekkert gerst í þeim nýverið. PG hefur ýtt við þeim sem til greina koma.
 - b) Bókari. Hrönn sem ætlaði að taka þetta að sér getur það ekki og hefur gefið þetta frá sér. Aðrir kostir verða kannaðir á næstu dögum. Óskar er líka að tala við Ernst & Young. Bæði bókhald og endurskoðun, en það er aðskilið í fyrirtækinu skv. lögum. Flugfreyjurnar eru að nota það fyrirtæki og eru ánægðar með þjónustuna. PG talar einnig við annan aðila.
 - c) Samráðsnefnd á vegum Ferðamálaráðherra um lögvernd vinnuheitis.
 - d) Kjaranefnd. Hún var kosin á trúnaðarráðsfundi. Hana skipa Jakob S. Jónsson, Valva Árnadóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Stefán Arngrímsson og Pétur Gunnarsson. Er tilbúin að hefja störf.
 - e) 44. Ársþing ASÍ. 44. ársþing ASÍ verður haldið 21. október PGV er aðalfulltrúi, VAB til vara.
2. Lenging tekjutengingar. Bréf skrifuð til forsætis- og félagsmálaráðherra. Greinar í Kjarnanum og Fréttablaðinu, viðtal á RÚV. Haldið verður áfram að þrýsta m.a. á alþingsmenn.
3. Tölvumál. Flytja vistun til DK frá Premis. Tregir til svara. Fundur með þeim fljótlega.
4. Raunfærnimat. María hjá SAF hafði samband og vildi fá að vita hvort við værum enn áhugasöm. Fagdeild vill endilega taka þátt í mótun nýrrar námsskrár og taka þátt í þeirri vinnu með ráðuneytinu. Næstu skref: Vinnan fari í gang. Leiðsögn, Fagdeildin, Hæfnissetrið og yfirvöld móti þetta sameiginlega.
5. Greiðslur til ASÍ. Leiðsögn borgar um milljón til þeirra á ári. Miðað er við fjölda félagsmanna. Ekki mjög gagnsætt, fá nánari sundurliðun á þeim kostnaði og jafnvel fá þetta lækkað. Aðgerðapakki, fjárhagsaðstoð vegna covid, stuðningur við stéttafélögnum?
6. Sjúkrasjóður – undirbúningur fundar. Þarf að auglýsa hann með mánaðar fyrirvara. Fara rækilega yfir fyrirkomulag og kostnaður við rekstur hans. Vilborg og Júlíus taka að sér að stjórna undirbúningi ásamt Þorsteini McKinstry.
7. Varamenn, fundur með aðal- og varastjórn. Hefur staðið til um nokkurt skeið en ekki orðið af því, m.a. vegna Covid. Meginreglan er sú að sá/sú sem kemst ekki á stjórnarfundum hafi samband við fyrsta varamann og svo koll af kolli ef þarf.
8. Önnur mál. Engin, enda fundartími liðinn
9. Næsti fundur í lok næstu viku og fundi slitið klukkan 12:10.